

Óttar:

Lag. Rakarinn frá Lóni.

Óttar hann var aura sína að telja
æstur vildi mönnum eitthvað selja
andskoti er Óttar alltaf slunginn
í æðiskast seldi af sér,
sjúddírari-rei, sjúddírari-rei
í æðiskasti seldi af sér sparibuxurnar.

Hann innanbúðar alla daga stendur
uppúr vösum alltaf standa hendur
ef ólmast þarna einhver krakka-unginn
þá Óttar klípur ólmur á sér
sjúddírari-rei, sjúddírari-rei
þá Óttar klípur ólmur á sér eyrnasneplana

Á Ingjaldshóli ættarsetur reisti
ærnar sínar elur upp í hreysti
aldrei hellist yfir ógnardrunginn
því alltaf heldur Óttar fast um
sjúddírari-rei, sjúddírari-rei
því alltaf heldur Óttar fast um aurapunginn sinn.